

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda ketti í lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar, sbr. 12. gr. samþykktar um kattahald og gæludýrahald annarra dýra en hunda í Seyðisfjarðarkaupstað, á Fljótsdalshéraði, í Fjarðabyggð og í Vopnafjarðarhreppi nr. 705/2010 skal vera kr. 9.975. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

2. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með tilvísun til heimildar í samþykkt nr. 705/2010 um kattahald og gæludýrahald annarra dýra en hunda í Seyðisfjarðarkaupstað, á Fljótsdalshéraði, í Fjarðabyggð og í Vopnafjarðarhreppi og ákvæða 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskráin var samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðar 30. október 2012.

Seyðisfirði, 19. ágúst 2013.

Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri.